



## GREINARGERÐ MEÐ ÚTGÁFU STARFSLEYFIS ÍSLANDSBLEIKJU EHF. FYRIR FISKELDISSTÖÐ Á STÓRU-VATNSLEYSU

---

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi opinberlega á tímabilinu á tímabilinu 25.nóvember 2010 til 20. janúar 2011 og lá hún frammi á skrifstofu sveitarfélagsins Voga á sama tíma. Tillagan var auk opinberrar auglýsingar, sérstaklega send til umsagnar hjá Íslandsbleikju ehf., sveitarfélaginu Vogum, Fiskistofu og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Engar umsagnir bárust um tillöguna, en Íslandsbleikja ehf. hafði komið athugasemdum sínum á framfæri áður en tillagan var auglýst og taldi ekki ástæðu til að bæta þar við. Engu að síður gerði Umhverfisstofnun nokkrar breytingar frá auglýstri tillögu og þær eru helst þessar:

- Sett voru losunarmörk á fosfór, sbr. 7. grein reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.
- Til samræmis við nýlega útgefin starfsleyfi var tilvísun breytt í lög og reglugerð um efni og efnablöndur.
- Breyting var gerð á umfjöllun í leyfinu sem varðar umfjöllun um starfshætti og umhverfisstjórnunarkefri en það var einnig gert til samræmis við nýlega útgefin starfsleyfi.
- Nokkrar orðalagsbreytingar voru gerðar sem ætlað er að skýra og afmarka betur kröfur í leyfinu.

